



**MESSÍAS**  
2010



GEORG FRIEDRICH HÄNDEL

# MESSÍAS

Í flutningi Selkórsins og Vox Academica  
Seltjarnarneskirkju sunnudaginn 5. des. 2010 kl. 17.00  
Guðríðarkirkju miðvikudaginn 8. des. 2010 kl. 20.00

Stjórnandi: Jón Karl Einarsson.  
Einsöngvarar: Hulda Björk Garðarsdóttir sópran,  
Sesselja Kristjánsdóttir mezzosópran,  
Snorri Wium tenór og Ágúst Ólafsson bassi  
Konsertmeistari Sigrún Eðvaldsdóttir  
Semballeikari: Dagný Björgvinsdóttir  
Raddþjálfari: Signý Sæmundsdóttir

## Ávarp stjórnanda

Það þarftalsvert meira en meðalkór til að takast á við Óratóríuna Messías. Englendingum finnst það nauðsynlegur hluti af jólaundirbúningi að fara og hlusta á Messías og þó enn frekar að fá að taka þátt í flutningnum. Messías er fluttur í hundruðum kirkna þar í landi og þúsundir Bretar taka árlega þátt í söngnum. Þetta segir nokkuð til um vinsældir verksins í Bretlandi og kannski ekki síður um gæði kórastarfs í landinu. Á sama tíma og Þjóðverjar mæta á jólamarkaðinn og gæða sér á jólaglögginu og Íslendingar koma til að sjá kveikt á jólatrénu á Austurvelli og drífa sig svo í IKEA, þá eru Bretar á leið á æfingu á Messíasi eða til að hlýða á flutninginn - rísa úr sætum og syngja með í Hallelújakórnum, hvaða rödd sem þeir kunna. Athyglisvert er þó að Händel mun hafa hugsað sér Messías sem páskaverk, fremur en jólaverk. Kannski er það fyrir það hve ítarlega hann fylgir Jólaguðspjallinu í fyrsta þætti að verkið hefur í seinni tíð oftast flutt um jól en páska. Annar þátturinn um píningu og dauða Krists er þó engu síðra sköpunarverk og því full ástæða til að Messías sé ekki síður fluttur um páska.

Það er kostnaðarsamt að flytja svo stórt verk, jafnvel þó aðeins sé um barokk hljómsveit að ræða - engin horn, básúnur, flautur eða klarinettur svo dæmi sé tekið. Fyrir áhugakóra eins og Selkórinn og Vox Academica er það ókleifur hamar á að ráðast, nema fyrir góðan styrk frá opinberum sjóðum. Þegar samningur milli Seltjarnarnesbæjar og Sinfóníuhljómsveitar Íslands rann út, var því heitið að vel skyldi stutt við bakið á Selkórum í staðinn. Þó skal það tekið fram að einmitt fyrir þann stuðning Seltjarnarnesbæjar við hljómsveitina hafði Selkórinn tvívegis haldið glæsilega tónleika með Sinfóníuhljómsveit Íslands, án nokkurs annars kostnaðar en að borga laun stjórnanda. Fyrir þetta ber að þakka, en um leið eru þessir tónleikar þakklætisvottur kórsins til bæjaryfirvalda og öruggur vísir að því hvert kórinn hyggst stefna á næstunni.

Selkórinn vill einnig, af alhug, þakka stórskemmtilegt samstarf við Vox Academica, sem til hagsbóta fyrir báða kórana, bættist í hópinn nú á haustdögum til þess að flytja þetta glæsilega verk. Vel þjálfaðar raddir þeirra hafa sett fyllri blá á yfirbragð flutningsins og velheppnaðar kórbúðir nú á dögum voru staðfesting þess að virðingin er gagnkvæm milli kóranna.

Um leið og ég býð ykkur velkomin á tónleikana óska ég ykkur gleðilegrar hátíðar og bið ykkur vel að njóta.

Jón Karl Einarsson

